

Nefndasvið Alþingis

Austurstrætis 8–10

150 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2014

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/3002 með síðari breytingum (ríkisstyrkir og fl.), 234. mál.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu, þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar drög að frumvarpi til hafnalaga. Frumvarpið var lagt fram á 141. löggjafarþingi, náði ekki afgreiðslu og er nú lagt fram talsvert breytt. Breytingarnar liggja einna helst í orðalagi og minna er um breytingar á efnislegum þáttum frumvarpsins.

Að því sögðu ítreka samtökin fyrri umsagnir og undirstrika sérstaklega að brýnt sé að hafnarsjóðum sé búinn starfsrammi sem geri þeim kleift að takast á við eðlilegan rekstur, viðhald og endurnýjun án stuðnings ríkissjóðs. Fjárhagsvandi hafnana og viðvarandi taprekstur þeirra flestra þýðir ekki að lausn málsins felist í því að auka tekjur þeirra allra með áframhaldandi ríkisstyrkjum og hækkunum á gjaldskrá.

Að öðru leyti vísast í umsögn dags. 28. desember 2012 og umsögn dags. 8. mars 2013.

F.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Lísbet Einarsson, forstöðumaður flutningasviðs.